



Stjórn SSH 523. fundur

Mánudaginn 12. apríl 2021, kl. 12:00, kom stjórn SSH saman til fundar með fjarfundabúnaði.

Fundinn sátu: Ármann Kr. Ólafsson, Ásgerður Halldórsdóttir, Dagur B. Eggertsson, Haraldur Sverrisson, Karl M, Kristjánsson, Rósa Guðbjartsdóttir stjórnarmenn í SSH og Gunnar Einarsson formaður stjórnar. Páll Björgvin Guðmundsson framkvæmdastjóri SSH, og Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfræðingur SSH sem ritaði fundargerð.

Formaður setti fund og gengið var til dagskrár.

1. Ársreikningur SSH 2020 / málsnr. 2101004

Fyrirliggjandi er ársreikningur SSH vegna ársins 2020 og hefur hann verið yfirfarinn af skoðunarmönnum. Gestur fundarins undir þessum lið er Hlynur Sigurðsson endurskoðandi sem kynnir stjórn SSH endurskoðun ársreiknings, niðurstöðu hans og helstu skýringar.

Niðurstaða fundar:

Stjórn samþykkir fyrirliggjandi ársreikning og er hann sendur stjórn til rafrænnar undirritunar.

2. Stjórnsýsla byggðasamlaga / málsnr. 1912001

Starfshópur, sem skipaður var á 519. fundi stjórnar SSH hinn 1. febrúar 2021, hefur nú lokið störfum og fyrirliggjandi er minnisblað með tillögum hans ásamt viðaukum. Páll Björgvin framkvæmdastjóri SSH og formaður starfshópsins kynnir það starf sem fram fór skv. erindisbréfi, helstu tillögur hópsins og fyrirhuguð næstu skref við þessa vinnu samkvæmt þeim tillögum sem liggja fyrir. Sérstaklega eru kynntar tillögur varðandi skipan stefnuráðs og hugsanlega tímalínu.

Niðurstaða fundar:

Lagt fram til kynningar og verður tekið til frekari umræðu á fundi stjórnar 3.maí nk.

3. Rekstraráætlun almenningsamgangna / málsnr. 2104001

Farið yfir vinnu við rekstraráætlun Nýs leiðanets, þ.m.t. Borgarlínu. Gestur fundarins undir þessum lið er Jóhannes Rúnarsson framkvæmdastjóri Strætó bs. sem kynnir helstu atriði vinnunnar og þær forsendur sem hún byggir á.



Niðurstaða fundar:

Frekari umræða verður á fundi stjórnar í maí þegar frekari upplýsingar liggja fyrir eftir endurskoðun á forsendum úr samgöngulíkani.

4. Skilavegir – yfirfærsla vega til sveitarfélaga / málsnr. 1910012

Framhald umræðu frá fyrri fundum. Gestur fundarins undir þessu lið er Birgir Björn Sigurjónsson. Páll Björgvin og Birgir Björn fara yfir stöðu verkefninsins m.a. um drög að ástandsskýrslu skilavega sem unnið er að.

Niðurstaða fundar:

Málið verður aftur tekið fyrir á fundi stjórnar 3.maí nk.

5. Samgöngusáttmálinn / málsnr. 2003010

Eftirfarandi er til umræðu undir þessum lið:

- a) Umræða um framlög sveitarfélaga til Samgöngusáttmálans vegna áranna 2019 til 2021. Fyrirliggjandi er yfirlit yfir framlög til samgöngusáttmála m.a. vísitölu hans. Þá er fyrirliggjandi drög að greiðsluáætlun m.v. uppfærð framlög skv. vísitölu, eftirstöðvar 2019 og framlög sveitarfélaganna á árinu 2020. Páll Björgvin og Birgir Björn kynna fyrirliggjandi gögn.
- b) Fjárhagsskipan Betri Samgangna ohf. Framhald umræðu frá 521. fundi stjórnar SSH. Gestir fundarins undir þessum lið eru Davíð Þorláksson framkvæmdastjóri Betri samgangna ohf. og Birgir Björn Sigurjónsson. Þá liggur fyrir minnisblað um reikningshaldslega meðferð greiðslna vegna samgöngusáttmála. Birgir Björn kynnir fyrirliggjandi tillögu um reikningshaldslega meðferð.

Niðurstaða fundar:

Hvað varðar lið a) eru drög að uppreiknuðum framlögum og greiðsluáætlun lögð fram til kynningar. Yfirfarið verði með ríkinu samræming á uppreikningi framlaga vegna vísitölu.

Hvað varðar lið b) leggur stjórn SSH til að fylgt verði tillögu um að líta á framkvæmdaáætlun Samgöngusáttmálans sem uppbyggingu á sameiginlegum samgönguinnviðum, joint venture, og færa eignarhluti í samræmi við hlutdeild í framlögum sveitarfélaganna.

Ekki gafst tími til að taka fleiri mál á dagskrá og er fundi því frestað kl. 14:10 mánudaginn 12. apríl. Fundur hefst að nýju mánudaginn 19. apríl kl. 13:00. Sömu stjórnarmenn mættir og 12.apríl, að undanskildum Karli M. Kristjánssyni



6. Sóknaráætlun / málsnr. 1906002

Á 518. fundi stjórnar SSH var lögð fram skýrsla ráðgjafastofunnar Resource dags. 14. janúar 2021 um samræmingu úrgangsflokkunar á höfuðborgarsvæðinu og minnisblað starfshóps um samræmingu úrgangsflokkunar dags. 12. janúar 2021, vegna erindis 1906002 um stöðu sóknaráætlunarverkefna fyrir árið 2020.

Eftirfarandi var bókað í fundargerð vegna málsins:

Þá er skrifstofu SSH falið að senda skýrslu um samræmingu úrgangsflokkunar á höfuðborgarsvæðinu til sveitarfélaganna til kynningar og umræðu. Að umræðu lokinni verður tekin ákvörðun um næstu skref verkefnisins.

Afgreiðsla sveitarfélaganna liggur nú fyrir og er erindið lagt fram að nýju. Einnig liggur fyrir minnisblað starfshóps um samræmingu úrgangsflokkunar dags. 12. apríl 2021 með tillögum að næstu skrefum. Jón Kjartan Ágústsson svæðisskipulagsstjóri er gestur fundarins undir þessum lið og kynnir tillögur starfshóps samkvæmt framansögðu. Lagt er til að verkefnastjóri verði ráðinn til að móta tillögur að samræmdu úrgangsflokkunarkerfi á höfuðborgarsvæðinu í samráði við starfshópin sem jafnframt verði falið að starfa áfram.

Niðurstaða fundar:

Stjórn samþykkir fyrirbyggjandi tillögur starfshópsins í minnisblaði dags. 12. apríl 2021 og að vinnunni verði haldið áfram á grunni þeirra.

Niðurstaða fundarins verði send sveitarfélögunum til kynningar og fylgt eftir með frekari kynningum óski sveitarfélögin eftir því.

7. Sóknaráætlun / málsnr. 1906002

Fyrirliggjandi er skýrslan *Kolefnisfótspor höfuðborgarsvæðisins* dags. febrúar 2021 sem var unnin af ráðgjafastofunni Resource fyrir SSH. Skýrslan er hluti af áhersluverkefnum sóknaráætlunar fyrir árið 2021. Einnig er lagt fram minnisblað svæðisskipulagsstjóra dags. 12. apríl 2021 um næstu skref sóknaráætlunarverkefnisins fyrir árið 2021. Jón Kjartan Ágústsson svæðisskipulagsstjóri er gestur fundarins undir þessum lið og kynnir umrætt minnisblað frá 12. apríl 2021 þar sem lagt er til að ráðinn verði verkefnisstjóri til að rýna umrædda skýrslu og móta tillögur að sameiginlegri loftslagsáætlun sem verði svo útfærð nánar á vettvangi hvers sveitarfélags.

Niðurstaða fundar:

Stjórn samþykkir fyrirbyggjandi tillögur sem lagðar eru fram í minnisblaði dags. 12. apríl 2021 og að vinnunni verði haldið áfram á grunni þeirra.

Niðurstaða fundarins verði send sveitarfélögunum til kynningar og fylgt eftir með frekari kynningum óski sveitarfélögin eftir því.



8. Nýsköpunarvika / málsnr. 2103003

Fyrirliggjandi er erindi frá bæjarráði Garðabæjar, þar sem styrkbeiðni Nýsköpunarviku er vísað til umfjöllunar stjórnar SSH. Fyrirhugað er að Nýsköpunarvikan fari fram 26. maí – 2. júní nk. og liggur fyrir styrkbeiðni til bæjarstjóra Garðabæjar vegna 1.000.000 kr. árlegs framlags til næstu þriggja ára.

Niðurstaða fundar:

Ekki er gert ráð fyrir frekara fjármagni til nýsköpunarverkefna sóknaráætlunar höfuðborgarsvæðisins á árinu 2021. Sveitarfélög sem aðild eiga að SSH hafa fengið samhljóða styrkbeiðni frá Nýsköpunarviku og telur stjórn rétt að afgreiðsla hennar fari fram á vettvangi hvers sveitarfélags fyrir sig.

9. Breytingar á starfsreglum svæðisskipulagsnefndar / málsnr. 2102006

Á 520. fundi stjórnar SSH var eftirfarandi bókað undir máli 2009001/ Aðalfundur 2020:

Niðurstaða fundar:

Stjórn leggur til við svæðisskipulagsnefnd höfuðborgarsvæðisins að hún hefji rýni á núgildandi starfsreglum sínum með það að markmiði að endurskoða þær m.a. með tilliti til aukinnar skilvirkni og skýrleika og þess verklags sem nefndin telur best henta starfsemi.

Málið var tekið fyrir á 99. fundi svæðisskipulagsnefndar höfuðborgarsvæðisins og ákveðið að hefja rýni á núgildandi starfsreglum nefndarinnar, sbr. fyrirliggjandi bréf svæðisskipulagsstjóra dags. 5. mars 2021. Fyrirséð er að þessi vinna kalli einnig á breytingar á samkomulagi sveitarfélaganna um svæðisskipulag höfuðborgarsvæðisins frá 24. ágúst 2012.

Ekki gafst tími til að taka þennan lið á dagskrá fundarins og er honum því frestað.

10. Kjarasamningar, stytting vinnuviku / málsnr. 2009002

Framhald umræðu frá fyrri fundum stjórnar um þetta málefni. Gestir fundarins undir þessum lið eru Fanney Dóróthe Halldórsdóttir sviðsstjóri fræðslu- og frístundaþjónustu hjá Hafnarfjarðarkaupstað og Guðmundur Sverrisson rekstrarstjóri í hagdeild hjá Hafnarfjarðarkaupstað. Kynna þau m.a. ferli þessarar innleiðingar hjá Hafnarfjarðarbæ og kostnað henni samfara miðað við óbreytt þjónustustig.

Niðurstaða fundar:

Stjórn óskar eftir því við skólamálanefnd SSH að hún geri yfirlit yfir áhrif af styttingu vinnuviku á starfsemi hjá hverju sveitarfélagi fyrir sig. Er þá einkum leitað eftir því hvernig útfærslu er háttáð, hver kostnaðurinn af henni sé, sem og áhrif á þjónustustig á frístundaheimilum, leikskólum og öðrum vinnustöðum sem við eiga.



11. Sumarlokun skrifstofu SSH / málsnr. 2006002

Fyrirliggjandi er minnisblað með tillögum um fyrirhugaða sumarlokun skrifstofu SSH, en lagt er til að skrifstofan verði lokuð frá 19.–30. júlí.

Ekki gafst tími til að taka þennan lið á dagskrá fundarins og er honum því frestað.

12. Greiðslur vegna vinnu í starfshópum / málsnr. 2102009

Framhald umræðu frá fyrri fundum en umræðu um þennan lið var frestað á 521. fundi stjórnar SSH.

Ekki gafst tími til að taka þennan lið á dagskrá fundarins og er honum því frestað.

13. Málefni Fjölsmiðjunnar / málsnr. 1501007

Fyrirliggjandi er ársreikningur Fjölsmiðjunnar 2020, ásamt kynningarglærum um fjárhag og starfsemi, auk beiðnar um samtal um langtímafjármögnun Fjölsmiðjunnar. Pál Björgvin framkvæmdastjóri SSH kynnir framangreint.

Ekki gafst tími til að taka þennan lið á dagskrá fundarins og er honum því frestað.

14. Samráðsfundir um stöðu fjarskipta – grænbók fjarskiptaáætlunar / málsnr. 2104002

Fyrirliggjandi er tölvupóstur frá samgöngu og sveitarstjórnarráðuneytinu, vegna rafræns samráðsfundar um stöðu fjarskipta sem haldinn verður mánudaginn 19. apríl nk. Óskað er efir erindum frá SSH á umræddan fund.

Ákveðið var á milli stjórnarfundar að halda ekki rafrænan samráðsfund að svo stöddu, en taka málið fyrir að nýju þegar það liggur betur fyrir m.a. við gerð hvítbókar.

15. Erindi Áhugafólks um samgöngur fyrir alla / málsnr. 2104003

Fyrirliggjandi er erindi ÁS, Áhugafólks um samgöngur fyrir alla, um BRT-Lite hraðvagnakerfi sem sent var með tölvupósti dags. 20. mars 2021. Erindið var jafnframt sent þingmönnum, borgar- og bæjarfulltrúum, samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu, Betri samgöngum ohf. og Vegagerðinni.

Ekki gafst tími til að taka þennan lið á dagskrá fundarins og er honum því frestað.



16. Móttaka jarðefna við Bolaöldu

Fyrirliggjandi er minnisblað frá skrifstofustjóra skrifstofu umhverfisgæða hjá Reykjavíkurborg, dags. 23. mars 2021, þar sem fjallað er um móttöku á jarðefnum frá sveitarfélögum á höfuðborgarsvæðinu, og samning við Bolaöldur ehf. vegna hennar.

Ekki gafst tími til að taka þennan lið á dagskrá fundarins og er honum því frestað.

17. Fundargerð Samstarfsnefndar skíðasvæðanna

Lagt fram til kynningar:

Fundargerð 391. fundar Samstarfsnefndar skíðasvæða höfuðborgarsvæðisins 17. mars 2021.

Rekstraryfirlit skíðasvæðanna vegna ársins 2020.

Minnisblað Magnúsar Árnasonar, dags. 15. mars 2021, um stöðuna í fjöllum og áhrif Covid-19.

18. Fundargerð byggðamálaráðs

Lögð fram til kynningar:

Fundargerð 15. fundar byggðamálaráðs, 4. febrúar 2021.

19. Fundargerð stjórnar Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga

Lögð fram til kynningar:

Fundargerð 568. fundar stjórnar Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga, hinn 24. mars 2021.

20. Önnur mál

Fleira var ekki gert og fundi slitið kl. 14:00.